



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla



Fréttabréf

Febrúar 2013

facebook

Nú förum við í smá
átak og söfnum
LIKE á facebook.

Endilega munið að
læka facebook-
síðuna okkar
HÉR



Svo megið þið
gjarnan benda
öðrum á síðuna.

Með virkri
facebooksíðu verður
auðveldara að koma
upplýsingum til
ykkur eða opna
fyrir umræður.

Frá 4. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2012-2013

Foreldraröltið: Foreldrafélög Sunnulækjarskóla og Vallaskóla hafa stillt saman strengi sína vegna foreldraröltisins. Markmiðið er að láta foreldra í báðum skólum sinna þessu saman til að hittast og kynnast. Búið er að raða foreldrum barna í 8-10. bekk niður á helgar frá og með 1. febrúar og út september.

Hugmynd var rædd frá fyrra ári varðandi sameiginlegan fund með stjórnnum foreldrafélaga allra skólanna í sveitarfélaginu á vettvangi sveitarfélagsins þar sem hægt væri að fara yfir sameiginlegar skyldur foreldra á mismunandi skólastigum og þar með mikilvægi foreldraröltisins.

Facebook síða foreldrafélagsins: Mikilvægt að benda öllum áhugasömum á síðuna. Stjórnin byrji á því að vekja athygli á síðunni eins víða og hægt er. Hugmynd um að setja inn á síðuna auglýsingar frá forvarnarhópi Árborgar sem birtast vikulega í Dagskránni.

Skólaráð: Varamaður taki sæti aðalmanns sem hætti sl. haust. Upplýsingum um það komið til skólastjóra.



Nemendur í 10. bekk hafa tekið að sér viðbótargæslu í frímínútum: Um er að ræða verkefni að frumkvæði foreldrafélagsins en 10. bekkur mun fá styrk frá foreldrafélaginu fyrir þetta verkefni vegna útskriftaferðar. Ef þetta verkefni gengur vel, eins og vonir standa til, verður þetta fyrirkomulag komið á til framtíðar. Upplýsingum um fjáröflun 10. bekkjar og mikilvægi þess að byrja að hugsa fyrir henni strax í 9. bekk, verði komið inn í upplýsingabæklinginn sem foreldrafélagið hefur gefið út og afhent bekkjartenglum á hverju hausti.





Um aðalnámskrá grunnskóla



Menntastefna stjórnvalda birtist í aðalnámskrá grunnskóla sem gefin er út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (2011). Í aðalnámskrá birtist heildarsýn menntunar og með henni er settur rammi um skólastarfið, tilgang þess og markmið. Aðalnámskrá grunnskóla er ekki einungis ætluð stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skóla heldur einnig nemendum, foreldrum þeirra og almenningi. Í aðalnámskrá eru upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Við hvetjum foreldra til að kynna sér aðalnámskrá grunnskóla og vera virka þátttakendur í námi og starfi barna sinna.


Aðalnámskrá grunnskóla má lesa í heild sinni [HÉR](#).



Frá 4. fundi foreldrafélags, framhald



Lífshlaupið: Hefst 6. febrúar nk. Hvatningarleikur grunnskólanna stendur til 19. febrúar. Foreldrafélagið hvetur nemendur og/eða foreldra til að skrá þátttöku undir merkjum skólans.



Ráðstöfun árgjalda foreldrafélagsins: Innheimta hefur gengið mjög vel og ber að þakka foreldrum fyrir góð viðbrögð við greiðslu árgjaldsins. Verið er að skoða áhugaverða fyrirlestira til að bjóða foreldrum skólans upp á á næstunni.

Fundur með eineltisteymi: Um miðjan des. fóru þrír fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins á fund með eineltisteymi skólans. Þar var lagt út frá fyrirlestri Kolbrúnar Baldursdóttur sem haldinn var af sveitarfélaginu í nóvember sl. Uppfærsla á vef skólans varðani eineltismál er væntanleg og mun foreldrafélagið verða með í ráðum við þá uppfærslu. Þessu máli haldið vakandi af stjórn foreldrafélagsins.



Myndir af starfsfólki: Mikil ánægja með að nú eru óðum að bætast við myndir af starfsfólki á heimasíðu skólans. Sjá [hér](#).

Hljóðvist: Rætt um fyrirspurn frá foreldri um hljóðvist í skólanum. Fulltrúi úr skólaráði upplýsti að málið hafi verið rætt í skólaráði og tekið fyrir þar.

